

Umhverfis- og samgöngunefnd,  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. janúar 2014  
2014010011/42-1-0  
TB  
jgo/tb

### Tillaga til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, 169. mál, umsögn

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulþjóðgarðs, 169. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda þingsályktunartillögu, sem er endurflutt frá fyrri þingum (nr. 140. og 141 ) og var svarað með bréfi dagsettu 5. desember 2011. Náttúrufræðistofnun tekur undir markmið tillögunnar. Stofnunin telur að ef setja á umræddan þjóðgarð á laggirnar verði að vinna mjög markvisst að stofnun hans strax frá byrjun. Náttúrufræðistofnun telur t. d. að vinna eigi náttúrufarsúttekt fyrir „svæðið“ í heild og ákveða strax frá byrjun mörk og verndargildi einstakra svæða innan fyrirhugaðs þjóðgarðs, stjórnun þeirra o. fl. þ. h. Til eru náttúrufarsúttektir fyrir stóran hluta þess svæðis sem kemur til greina en taka þyrfti efni þeirra saman til að nýta það við gerði verndaráætlunar. Jafnframt liggja fyrir friðlýsingarskilmálar sem segja fyrir um og gefa til kynna hvernig beri að vernda og stjórna stórum hluta af svæðunum.

Eðli þjóðgarða er annað en friðlanda. Eðlismunurinn liggur m.a. í því að í þjóðgörðum er gert ráð fyrir sérstakri þjónustu við almenning og að almenningur geti upplifað náttúru þess svæðis sem um ræðir. Bæði Þjórsárver og Guðlaugstungur eru friðlönd innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs og er tilgangur þeirra meðal annars að vernda lífríki, s.s. varplönd heiðagæsa, og eru þau þess vegna lokað almenningi á ákveðnum tímum árs. Það verður því að huga að því strax frá byrjun að þegar friðlandi er breytt í þjóðgarð þá hafi það ekki neikvæð áhrif á vernd og verndargildi. Með öðrum orðum þarf að liggja fyrir góð verndar- og stjórnunaráætlun fyrir þjóðgarðinn í heild sinni áður en hin eiginlega stofnun hans á sér stað. Það verði því strax frá byrjun vitað að hverju er stefnt hvað varðar vernd og verndargildi (tegundir, vistgerðir, vistkerfi, jarðfræði, landslag, menningarminjar, vöktun, rannsóknir), útivistarmöguleika, umferð (gangandi, akandi, hjólreiðar, ríðandi), þjónustukjarna, stjórnun (ríki, sveitarfélög, samtök...), og ekki hvað síst fjármál og rekstur.

Verði þessi hugmynd að veruleika er hér tækifæri til að gera hlutina vel þó það taki eitthvað lengri tíma. Alltaf má vernda ákveðin svæði strax til bráðabirgða, þó þau séu ekki orðin að þjóðgarði, til að koma í veg fyrir röskun þeirra. Rétt er að benda á að Guðlaugstungur og



Þjósárver eru Ramsarsvæði og þarf að taka tillit til þess við útfærslu verndar og nýtingar á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði komi til þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

